



## Félag háskólakennara

### 5. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 1. nóvember 2021

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir og Guðmundur Ingi Guðmundsson. Forföll boðuðu: Pontus Eik Gunnar Jarvstad, Ármann Höskuldsson og Sævar Ingþórsson. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. október 2021.
2. Kjaramál, skoðanakönnun meðal félagsmanna.
3. Matkerfið endurskoðun.
4. Tölfræðiupplýsingar vegna greiðslna úr vinnumatssjóði.
5. Fundur formanns og framkvæmastj. FH með starfsmannastjóra HÍ.
6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
7. Fréttir af BHM, ÍD.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. október 2021

Fundargerðin var samþykkt.

#### 2. Kjaramál, skoðanakönnun

Málið rætt og ákveðið að senda félagsmönnum skoðanakönnun um kjaramál fyrir jólafrí. Þá var ákveðið að mynda lítinn vinnuhóp stjórnar. Þeir sem buðu sig fram í hann voru: Guðmundur Ingi, Berglind Eva, Íris, Baldvin og Jens. Fyrsti fundur vinnuhópsins verður 11. nóvember nk. kl. 13.

#### 3. Matskerfið endurskoðun

Málið rætt almennt og allir sammála því að félagið þurfi að gera athugasemdir við þær hugmyndir að lokaritgerðir til meistaraþröfs verði felldar út í grunnmati. Þá var einnig rætt um breytingu á mati við ritrýni og tengingu matsins við launasetningu og nauðsyn þess að bæta umhverfi ungra akademískra starfsmanna.

Ákveðið að akademískir stjórnarmenn vinni áfram að fyrirliggjandi skjali félagsins að umsögn að endurskoðun matskerfisins. Stefnt að fundi hópsins að viku liðinni.

#### 4. Fundur formanns og framkvæmdastjóra með starfsmannastjóra HÍ

Baldvin sagði frá óformlegum fundi með starfsmannastjóra HÍ. Þar var meðal annars rætt almennt um starfsmatskerfið SKREF kostum þess og göllum, ásamt hugsanlegum endurbótum. Könnun um styttingu vinnuvikunnar, fjarvinnustefnu skólans og aukabóknanir.

#### 5. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu

Berglind kynnti málið og sagði frá fundi sem hún átti með akademískum starfsmönnum stjórnar þar sem kynntar voru fyrirliggjandi hugmyndir. Áfram er unnið að málinu og stefnt að því að nefndin skili endanlegri skýrslu fyrir jól.

#### 6. Fréttir af BHM

Íris stjórnarmaður í stjórn BHM sagði frá ýmsu málefnum sem eru á borði stjórnar BHM.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:30.

Næsti stjórnarfundur verður 1. desember 2021.